4. 66° 58′00 N – 14° 37′00 V
5. 67° 10′00 N – 15° 14′00 V
6. 67° 05′00 N – 15° 50′00 V
7. 66° 53′00 N – 15° 37′00 V
8. 66° 53′00 N – 15° 50′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 21. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 107, 18. febrúar 2003, um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rifsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. september 2004.

F. h. r.
Vilhjálmur Egilsson

Jón B. Jónasson.

Nr. 762 20. september 2004

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindu tímabili, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0704.9004	Spergilkál	21.09.-30.09.04	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2004.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.